



Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1** Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2** Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleyk á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022, sem framlengt var með viðauka dags. 5. maí 2025, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3** Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
 - 1.3.1** Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 - 1.3.2** Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
 - 1.3.3** Priggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langt tíma og þjónustusamningur nær til.
 - 1.3.4** Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnavlegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1** Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2** Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleyk og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík. Jafnframt er stuðningurinn bundinn við nemendur á átjánda ári (18) og yngri



vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleyk og við nemendur á tuttugasta og sjötta ári (26) og yngri vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.

- 2.2 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleyk á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.3 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- 2.4 Jafngildi grunnstigsnemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.
- 2.5 Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.

3. gr. Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
- 3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
- 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfolk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
- 3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttigar á fjárframlagi og samningstíma.

5. gr. Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 5.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en



18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleyk og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

5.3 Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms: Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

5.4 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

5.5 Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:

Bein fjárfamlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda 18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleyk og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri (vegna neðri stiga tónlistarnáms). Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlext né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem fíllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

5.6 Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólanir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

5.7 Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólastjóra en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjárfölnu.

5.8 Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.



- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.
- 5.11** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímoveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.¹
- 5.12** Gerð er krafa um að áður en tónlistarskóli með þjónustusamning við Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla- og frístundasvið til að tryggja að til staðar séu forsendur greiðslu aukaframlags og jafnframt hvort til staðar séu fjárheimildir. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla- og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur.

6. gr.

Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungrar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

7. gr.

¹ Sjá jafnframt ákvæði til bráðabirgða.



Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

7.1 Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:

7.1.1 Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

7.1.2 Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskráinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólastarfinu og mæta áhuga nemenda.

7.1.3 Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar tónlistarnáms á neðri stigum.

7.1.4 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykks kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breyts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

7.1.5 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

8. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

8.1 Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleyk á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnaalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.

8.2 Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og síðari viðauka og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi



framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.

- 8.3** Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

9. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

- 9.1** Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíkska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- 9.2** Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólangs hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.
- 9.3** Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.
- 9.4** Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

10. gr.

Kaup á viðbótarþjónustu

- 10.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

11. gr.

Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 11.1** Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.

12. gr.

Upplýsingagjöf og eftirlit

- 12.1** Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.



- 12.2** Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers. Jafnframt upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.
- 12.3** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafið tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.
- 12.4** Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reikniskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.
- 12.5** Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.
- 12.6** Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.6** Tónlistarskólar skulu skila sjálfsmatsskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur stefna og markmið tónlistarskólans, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterku og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Sjálfsmatið skal vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá tónlistarskóla um sjálfsmat. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla og skal þá vera í sér kafla undir heitinu sjálfsmat skóla.
- 12.7** Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

13. gr. Menntun skólastjórnenda og kennara

- 13.1** Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2** Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3** Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4** Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.



**14. gr.
Samningstími**

- 14.1** Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2** Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárhheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

**15. gr.
Vanefndir á þjónustusamningi**

- 15.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

**16. gr.
Gildistaka**

- 16.1** Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 með síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímoveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.



~~Síðasti málslíður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.~~

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaárranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020, 2020 – 2021, 2021 – 2022 og 2022 – 2023, 2023 – 2024, ~~og 2024~~ ~~og 2025~~ og 2025 - 2026 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við vegna tímabilanna 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, 1. september 2017 til 31. júlí 2020, 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021, 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023 og 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 og 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025 vegna neðri stiga tónlistarnáms sem ekki uppfylla skilyrðin þann 1. ágúst 2025. Jafnframt gagnvart þeim sem gerður hefur verið samningur árlega vegna efri stiga frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Hafi orðið breyting á samningsaðila á framangreindum tímabilum nær ákvæðið til þeirra sem verða með þjónustusamning vegna skólaársins 2025⁴ – 2026⁵. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi þann 31. júlí 2025⁶ vegna neðri stiga og 31. ágúst 2026⁵ vegna efri stiga

Eftirfarandi gildir til bráðabirgða vegna ákvæða 2.2, 5.2 og 5.5 reglna þessara vegna neðri stiga tónlistarnáms:

Nemendur yfir 18 ára aldri sem þegar stunda nám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka námi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 25 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 18 ára aldri í fornámi, grunnámi og miðnámi. Þeir sem hófu nám fyrir 18 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu, miðað við eðlilega námsframvindu, til 23 ára aldurs til að ljúka grunn- og miðprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla á sama hljóðfæri. Hafi nemandi lokið grunnprófi fyrir 18 ára aldur hefur hann til 23 ára aldurs til að ljúka miðprófi þó svo viðkomandi hafi gert hlé á námi á tímabilinu. Sem fyrr er greitt rekstrarframlag vegna náms á framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Nemendur yfir 26 ára aldri sem þegar stunda sögnám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka sögnámi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 30 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 26 ára aldri í grunnámi í söng. Þeir sem hófu nám fyrir 26 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu til að fjárframlag sé notað í þeirra þágu miðað við eðlilega námsframvindu til 28 ára aldurs til að ljúka grunnprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi



hefji nám í öðrum tónlistarskóla í söng. Sem fyrr er greitt fjárframlag vegna náms á mið- og framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Sem áður er það skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík auk annarra skilyrða sem þarf að uppfylla.

~~Varðandi gr. 5.11 í reglum þessum er gerður fyrirvari vegna umsókna tónlistarskóla um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla við afleysingu vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, sjá nánar í gr. 5.11 í reglum þessu. Gerð er krafð um að áður en tónlistarskóli með þjónustusamning við Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla og frístundasvið til að tryggja að til staðar séu forsendur greiðslu aukaframlags og jafnframt hvort til staðar séu fjárheimildir. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur. Ákvæðið gildir til 31. júlí 2025 vegna neðri stiga og 31. ágúst 2025 vegna efri stiga en greiðsla vegna efri stiga er háð greiðslum frá Jöfnunarsjóði.~~

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021 og í borgarráði þann 20. maí 2021, sbr. jafnframt í skóla- og frístundaráði þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023. Breytingar samþykktar í borgarráði þann 15. ágúst 2024. [Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\] og í borgarráði þann \[dags.\] 2025.](#)